

Umsögn Vantrúar um drög að frumvarpi til Þjóðkirkjulaga

Þetta frumvarp felur í sér nánast enga stefnubreytingu að okkar mati. Ríkið mun enn setja rammalöggjöf um Þjóðkirkjuna sérstaklega, þó frumvarpið feli í sér styttingu á núverandi lögum. Við hvetjum yfirvöld til að stefna á það að Þjóðkirkjan verði sjálfstætt trúfélga með því að afnema einfaldlega þessi rammalög og leyfa Þjóðkirkjunni sjálfri að ákveða hvernig hún starfar.

Aðalmarkmið frumvarpsins er samkvæmt greinargerðinni að "einfalda regluverkið", efla sjálfstæði Þjóðkirkjunnar og að færa sem mest úr lögum yfir í starfsreglur Þjóðkirkjunnar. Því finnst okkur að það þurfi að rökstyðja sérstaklega með hverri grein, hvers vegna sú grein eigi frekar heima í lögum frá Alþingi frekar en í reglum sem Þjóðkirkjan setur sér.

Það er erfitt að sjá nokkurn rökstuðning eða ástæðu fyrir því hvers vegna eðlilegt getur talist að sumar greinar eigi heima í lögnum frekar en í reglum sem Þjóðkirkjan sjálf setur sér (2. grein frumvarpsins sem bannar óskírðum aðild að Þjóðkirkjunni er fínt dæmi).

Auk þess þarf að færa mjög góð rök fyrir nauðsyn nýmæla, þar sem nýmæli ganga eðli síns vegna þvert á það markmið að "einfalda regluverkið". Það á sérstaklega við þegar þau nýmæli skerða sjálfstæði Þjóðkirkjunnar og efla fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju (þá sérstaklega 4. grein frumvarpsins sem setur nýjar og veigamiklar skyldur á Þjóðkirkjuna).

Vantrú styður þær lagabreytingar sem stefna að því afnema forréttindi og sérstöðu Þjóðkirkjunnar og slíta á tengsl ríkis og kirkju. Við styðjum því þetta frumvarp að því leyti sem það felur í sér einföldun á þessum tengslum. Við hvetjum samt til þess að gengið verði lengra og ónauðsynlegar greinar og allt sem á betur heima í reglum Þjóðkirkjunnar sjálfrar verði fellt úr lögnum. Að okkar mati væri auðveldlega hægt að fella út allt úr lögnum nema kannski eina málsgrein (5. mgr 7. greinar - um skyldu Þjóðskrár til að veita upplýsingar) sem ætti betur heima í lögum um sóknargjöld og ætti þá að eiga jafnt við um öll trú- og lífsskoðunarfélög frekar en að veita Þjóðkirkjunni forréttindi.

Ef talið er að niðurfelling sumra greina valdi einhverju óþægilegu lagatómi er einfalt að bæta við í bráðabirgðargreinar frumvarpsins að Kirkjuþing samþykki nauðsynlegar reglur fyrir ákveðinn tíma, til dæmis fyrir gildistöku laganna. Þannig er líka tryggt að Kirkjuþing hafi æðsta vald í málefnum kirkjunnar, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Eina greinin sem við mótmælum harðlega er 4. grein frumvarpsins, sem felur í sér miklu meiri tengsl ríkis og kirkju heldur en er í núverandi lögum og gengur gegn öllum yfirlýstum markmiðum laganna.

Með fylgir greinargerð við einstaka greinar og rökstuðningur fyrir niðurfellingu þeirra.

fyrir hönd Vantrúar,
Hjalti Rúnar Ómarsson, gjaldkeri Vantrúar

Athugasemdir við einstaka greinar

1. gr.

Skilgreining

Þjóðkirkjan á Íslandi er evangelískt lúterskt trúfélag.

Við teljum það ekki vera í verkahring ríkisins að festa í lög að sjálfstæð trúfélög starfi á einhverjum sérstökum játningagrunni. Það ætti að vera á ákvörðunarvaldi Þjóðkirkjunnar sjálfar hvort hún vilji sjálf vera "evangelísk lútersk" eða ekki. Á sama hátt og Alþingi ákveður ekki hvort Félag múslíma á Íslandi sé ahmadíja, súnní eða sjía félag.

Auk þess er þegar sagt í 62. grein stjórnarskrárinnar að Þjóðkirkjan sé "evangelísk lútersk". Það er engin þörf á svona endurtekningu í lögnum.

Í greinargerðinni er reynt að réttlæta þetta með þörf á því að "skilgreina að það sé einmitt hin evangelíska lúterska kirkja sem er þjóðkirkja á Íslandi" út af fjölgun kristinna trúfélaga á Íslandi. Það er engan vegin ljóst að það sé einhver nauðsyn á svona tilgreiningu, það er alveg ljóst hver Þjóðkirkjan er sem fjallað er um í stjórnarskránni. Auk þess er Þjóðkirkjan ekki eina evangelíska lúterska trúfélagið sem starfar á Íslandi.

Loks finnst okkur ekki þörf á því að nefna það sérstaklega að Þjóðkirkjan sé trúfélag.

Tillaga: 1. grein falli brott.

2. gr.

Aðild

Skilyrði aðildar að þjóðkirkjunni er skírni í nafni heilagrar þrenningar.

Það ætti ekki að vera í verkahring ríkisins að setja það skilyrði fyrir aðild að sjálfstæðu trúfélagi að einstaklingur hafi þurft að hafa tekið þátt í ákveðinni trúarathöfn. Á sama hátt væri það fáránlegt ef sett væri í lög að skilyrði að aðild að Ásatrúarfélaginu væri að einstaklingur hafi blótað Þór og Tý, eða að einstaklingur yrði að fermast borgaralega til að geta fengið aðild að Siðmennt.

Það er engan veginn í samræmi við tilgang frumvarpsins varðandi sjálfstæði Þjóðkirkjunnar að Alþingi banni Þjóðkirkjunni að veita óskírðum einstaklingum aðild að trúfélaginu.

Sjálfstæð trúfélög ættu að sjálfsögðu sjálf að ákveða hvort þau vilji einhver skilyrði fyrir aðild og þá hver þau séu.

Tillaga: 2. grein falli brott.

3. gr.

Réttarstaða kirkjunnar.

Um stöðu þjóðkirkjunnar fer samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Um tengsl þjóðkirkjunnar og ríkisins fer samkvæmt lögum og þeim samningum sem eru í gildi hverju sinni milli þjóðkirkjunnar og ríkisins, sbr. og 1. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 4. gr.

Þjóðkirkjan ræður skipulagi sínu innan lögmæltra marka.

1. mgr. er nýmæli. Það er engan veginn ljóst að það sé nokkur ástæða til þess að taka fram að ákvæði stjórnarskrárinnar um stöðu Þjóðkirkjuna gildi um Þjóðkirkjuna. Þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem eiga við um stöðu Þjóðkirkjuna eiga að sjálfsgöðu við um hana nú þegar, án þess að það sé tekið fram í núverandi lögum eða væntanlegum lögum um Þjóðkirkjuna.

2. mgr. er óþarfi að okkar mati. Ef lög eru í gildi sem kveðja á um tengsl Þjóðkirkjunnar og ríkisins þá gilda þau að sjálfsgöðu. Það er engin ástæða til að taka það fram sérstaklega. Sömuleiðis eru samningar á milli ríkisins og Þjóðkirkjunnar sem kveða á um tengsl ríkisins og Þjóðkirkjunnar í gildi, alveg óháð því hvort að það sé tekið fram í þessum lögum.

3. mgr. er að sumu leyti efnislega eins og 1. mgr. 2. gr. nógildandi laga. En við teljum hana óþarfi. Það er almennt þannig að trúfélög og félög ráða sér sjálf innan lögmæltra marka. Það er engin ástæða til að taka það fram sérstaklega um Þjóðkirkjuna

Tillaga: 3. grein falli brott.

4. gr.

Kirkjuleg og almenn þjónusta vígðra þjóna um allt land

Þjóðkirkjunni ber að halda úti kirkjulegri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni.

Þá heldur þjóðkirkjan úti margs konar almennri faglegri þjónustu, svo sem kærleiksþjónustu, sálgæslu og hjálparstarfi.

Prestar og djáknar gegna þjónustu í þjóðkirkjunni.

Stjórnvöldum skal áfram heimilt að eiga samstarf við þjóðkirkjuna í störfum sínum með sama hætti og verið hefur.

1 og 2. mgr. eru nýmæli og vinna gegn yfirlýstu markmiði laganna:

- sem nýmæli þá gengur það þvert á markmið um að einfalda regluverkið
- þarna er ríkið að leggja nýjar og meiri skyldur á Þjóðkirkjuna
- það dregur úr sjálfstæði Þjóðkirkjunnar

Eins og fram kom í umræðum við þetta frumvarp á Kirkjubingum 2020, þá mun samþykki þessarar greinar geta réttlætt fjárstuðning til Þjóðkirkjunnar. Kirkjan gæti til dæmis á grundvelli þess að ríkið skyldi það til þess að starfa á landinu öllu átt tikall til einhverra fjárframlaga til þess að geta uppfyllt þessa nýju skyldu.

Hvort að sjálfstætt trúfélag vilji starfa á öllu landinu eða ekki og tryggi að allir geti átt kost á þjónustu þess er ekki ríkisins að ákveða.

3. mgr. tengist starfsmannamálum Þjóðkirkjunnar og það er engan veginn ljóst hvers vegna er þörf á því að taka fram að prestar og djáknar starfi innan Þjóðkirkjunnar. Það ætti að vera Þjóðkirkjunnar sjálfar að ákveða hvaða starfsmenn hún hefur og hún hefur þegar ítarlegar starfsreglur frá kirkjupingi um presta (nr. 1110/2011) og djákna (nr. 738/1998) þannig að hún getur klárlega sjálf sett reglur um þessa starfsmenn sína.

4 mgr. Það er ekki rökstutt í greinargerðinni hvers vegna þörf er á 4. málsgreininni, sem eru nýmæli. Hingað til hefur ekki verið talið nauðsyn á því við breytingum á þessum lögum að taka það sérstaklega fram að stjórnvöldum sé áfram heimilt að eiga áfram eitthvað ótilgreint samstarf við Þjóðkirkjuna (í greinargerðinni er til dæmis minnst á setningu Alþingis).

Tillaga: 4. grein falli brott.

5. gr.

Jafnræði og lýðræði innan þjóðkirkjunnar

Þjóðkirkjan skal í starfsháttum sínum halda í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.

Þessi grein er nýmæli.

Það ætti að vera ákvörðun sjálfstæðs trúfélags að ákveða hvort það vilji starfa á lýðræðislegum eða jafnræðislegum grundvelli eða ekki.

Í greinargerðinni er sagt að þetta sé meðal annars haft með til að tryggja að starfsfólk Þjóðkirkjunnar muni í störfum sínum "fara eftir jafnréttislögum og persónuverndarlögum og hafa hliðsjón af meginreglum almennrar stjórnsýslu", en svo er einnig tekið fram að kirkjuping hefur þegar sett reglur sem lúta að persónuvernd og jafnrétti innan Þjóðkirkjunnar. Það er því ljóst að Kirkjuping hefur þegar sett sér reglur sem lúta að innihaldi þessarar greinar og því er engin ástæða fyrir yfirvöld til að skipta sér að því.

Tillaga: 5. grein falli brott.

6. gr.

Innganga og úrsögn úr þjóðkirkjunni.

Um inngöngu í og úrsögn úr þjóðkirkjunni fer samkvæmt 8. og 9. gr. laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum, eftir því sem við getur átt.

Þessi grein er nýmæli.

Það er engan veginn ljóst hver talin er nauðsyn þessara nýmæla. Það er ekkert fjallað um úrsögn og inngöngu í Þjóðkirkjuna í núverandi lögum og engin sérstök ástæða til að bæta því í lög.

Eins og fram kemur í greinargerðinni þá "hafa þessi skráningarmál um inngöngu og úrsögn færst alfarið yfir á hvern og einn einstakling án atbeina presta eða forstöðumanna viðkomandi félaga" og að í dag taki "Þjóðskrá Íslands að jafnaði við þessum tilkynningum á rafrænan hátt". Ákvæðin sem vísað er á eru því að miklu leyti úrelt.

Og raunin er sú að þessum ákvæðum laganna er nú þegar beitt um Þjóðkirkjuna, eftir því sem við getur átt (til dæmis þegar kemur að sjálfkrafa skráningu barna við fæðingu). Það er því engin þörf á þessum nýmælum.

Tillaga: 6. grein falli brott.

7. gr.

Söfnuðir og skilgreining þeirra.

Söfnuður er félagsleg og fjárhagsleg grunneining þjóðkirkjunnar.

Söfnuður á tilteknu landssvæði myndar sókn. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.

Sóknarbörn eru öll þau sem lögheimili eiga í sókn, hafa hlotið skírni og eru skráð í þjóðkirkjuna.

Vegna sóknarbarna, 16 ára og eldri, greiðast hverjum þjóðkirkjusöfnuði, mánaðarlega, sóknargjöld samkvæmt ákvæðum laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum.

Þjóðskrá Íslands skal árlega, án endurgjalds, standa þjóðkirkjunni skil á skrá yfir nöfn, kennitölur og fjölda sóknarbarna sem lögheimili eiga í hverri sókn fyrir sig. Óski þjóðkirkjan tíðari upplýsinga og fyllri um sóknarbörn sín, en tilgreindar eru í þessari málsgrein, skal gjald greitt samkvæmt gjaldskrá skráarhaldara.

1. - 3. mgr. varða innra skipulag þjóðkirkjunnar og skilgreina "söfnuð", "sókn", "prestakall" og "sóknarbarn". Það er engin ástæða gefin í greinargerðinni fyrir því hvers vegna þessar skilgreiningar geti ekki einfaldlega átt heima í reglum sem Kirkjuping setur. Sem dæmi þá heitir annar kafli í Samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar "Grunneining kirkjunnar" og þar er annar undirkaflinn "Sókn og söfnuður". Það væri afskaplega einfalt fyrir kirkjuping að setja þessar skilgreiningar þar.

4. mgr. er endurtekning á reglum sem eru þegar til staðar í lögum um sóknargjöld 91/1987. Við teljum það ekki góða lagasetningu að hafa sömu lagaregluna á mörgum stöðum í lagasafni í staðinn fyrir að hafa hana á einum stað.

Auk þess er sambærilegt ákvæði ekki í núverandi lögum um Þjóðkirkjuna. Rökstuðningur í greinargerðinni fyrir þessum nýmælum er að þetta sé "gert svo ekki fari á milli mála að það hefur ávallt verið í höndum ríkisvaldsins að skipta þessum gjöldum og til þess hafa verið

nýttar skrár Þjóðskrár Íslands", en allt þetta kemur fram í lögum um sóknargjöld, þannig að það er enginn vafi í núverandi lögum.

5. mgr. er réttlætunleg, þar sem að lög um sóknargjöld kveða á um að þeim sé útdelt til hvernna sókna Þjóðkirkjunnar miðað við fjölda sóknarbarna en við teljum að regla sem tengist sérstaklega útdelingu sóknargjalda eigi frekar heima í lögum um sóknargjöld og að það ætti að tryggja öllum trú- og lífsskoðunarfélögum sambærilegan rétt frekar en Þjóðkirkjunni einni.

Til að einfalda þetta fyrirkomulag mætti svo einfaldlega greiða sóknargjöldin til Þjóðkirkjunnar sjálfar (t.d. Biskupsstofu) og láta Þjóðkirkjuna sjá um að skipta þeim á milli söfnuða hennar. Það þyrfti bara litla breytingu á lögum um sóknargjöld til þess að breyta þessu og það myndi einfalda fjárhagsleg samskipti og regluverkið.

Tillaga: 1-4. málsgreinar falli brott. 5. málsgrein fari frekar inn í lög um sóknargjöld og nái sömuleiðis til skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga.

8. gr.

Kirkjuþing og biskup Íslands.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað. Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu hennar.

Á kirkjuþingi skulu leikmenn vera fleiri en vígðir.

Við afgreiðslu mála á kirkjuþingi, er varða fjárstjórnarvald, skulu þeir þingfulltrúar, sem hagsmuna hafa að gæta í tilteknu máli, víkja sæti. Um sérstakt hæfi þingfulltrúa fer eftir starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 12. gr. Má í þeim reglum kveða svo á um að þingið sé ályktunarhæft, óháð fjölda fulltrúa, við afgreiðslu þeirra. Rísi ágreiningur um túlkun þessarar málsgreinar sker forseti þingsins úr.

Um yfirstjórn biskups Íslands fer samkvæmt 10. gr

1. mgr. Við skiljum vel að yfirvöld vilji að kirkjuþing sé æðsti valdhafinn innan Þjóðkirkjunnar. En við teljum ekki að þetta sé atriði sem Alþingi eigi að ákveða frekar en Þjóðkirkjan sjálf. Það væri einfaldara að afsala þetta vald með því að setja það inn í bráðabirgðaákvæðið að Kirkjuþing ákveði þessi atriði þangað til þessi lög taka gildi. Kirkjuþing gæti þá mjög einfaldlega samþykkt samhljóða starfsreglur ef það er vilji þess.

2. mgr. Þessi málsgrein er samhljóða 3. mgr. 21. gr núverandi laga. En við teljum að nákvæm samsetning Kirkjuþings sé atriði sem Kirkjuþing sjálft getur ákveðið. Nú þegar er til dæmis ákveðið í starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017 að á kirkjuþingi "eiga sæti 29, fulltrúar, 12 vígðir og 17 leikmenn". Þetta er atriði sem að er þegar fest í reglum kirkjuþings og það er engin ástæða fyrir ríkið að banna kirkjuþingi að breyta þessu eins og það vill.

3. mgr. Þetta er nýmæli. Í greinargerðinni er sagt: "Mikilvægt er að kirkjuþing setji nánari starfsreglur um hvernig standa skuli að ákvörðunum um fjárstjórn kirkjunnar hvað þetta varðar." Fyrst að talið er nauðsynlegt að kirkjuþing setji sjálf nánari reglur um þetta teljum við

enga ástæðu til þess að hafa almenna reglu um þetta í lögum. Þjóðkirkjan getur sjálf tekið ákvörðun um það hvort og hvenær hún telji eðlilegt að kirkjuþingsmenn þurfi að víkja sæti eða ekki.

4. mgr. Við sjáum enga ástæðu til þess að hafa þessa málsgrein, jafnvel þó að allt annað í lögunum sé haft með. Frekar ætti bara að breyta heiti þessarar greinar í "Kirkjuþing", fella út "og biskup Íslands" og fella út þessa málsgrein.

Tillaga: 8. grein falli brott.

9. gr.

Samskipti kirkjunnar og stjórnvalda við samningu frumvarpa um kirkjuleg málefni.

Kirkjuþing hefur að jafnaði frumkvæði að frumvörpum til laga um málefni þjóðkirkjunnar og leggur til við ráðherra kirkjumála að þau verði flutt á Alþingi.

Ráðherra kirkjumálaleitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi

1. mgr. Við sjáum ekki hvert raunverulegt gildi þessarar málsgreinar sé. Ef þessu ákvæði yrði sleppt myndi kirkjuþing alveg áfram geta sent erindi til ráðherra kirkjumála og biðja um lagabreytingar. Það er enginn sérstakur réttur tryggður í þessu ákvæði eða einhver regla fest í sess.

2. mgr. Nú þegar getur kirkjuþing eins og aðrir gert athugasemdir og tjáð álit sitt á væntanlegum frumvörpum á Samráðsgáttinni eða með því að senda umsagnir til Alþingis. Það er engin ástæða til að tryggja Þjóðkirkjunni einhvern sérstaka rétt varðandi þetta.

Tillaga: 9. grein falli brott.

10. gr.

Eitt biskupsdæmi og skilgreining á valdsviði biskups Íslands.

Ísland er eitt biskupsdæmi. Um biskupskjör fer samkvæmt starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 12. gr.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um, sbr. 8. gr.

Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu.

Í greinargerðinni eru þessar reglur um biskupinn réttlættar með því að nauðsyn sé á því að tilgreina einhvern forstöðumann Þjóðkirkjunnar eins og með önnur trúfélög. Ef talið er þörf á því að Þjóðkirkjan hafi einhvern ákveðinn forstöðumann, eins og hjá skráðum trúfélögum, þá ætti það að vera ákvörðun hennar sjálfar hver það væri, frekar en að Alþingi sé að ákveða það. Því eins og fram kemur í greinargerðinni, þá snertir þetta starfsmannamál Þjóðkirkjunnar og eitt af aðalmarkmiðum laganna er að færa þau mál frekar á hendur Þjóðkirkjunnar.

1. mgr. Þjóðkirkjan getur sjálf ákveðið hve mörg biskupsdæmi hún vill hafa. Það er engin nauðsyn á því að ríkið fastsetji þá tölu, jafnvel þó að það sé talið nauðsynlegt að ríkið ákveði hver forstöðumaður hennar er.

Kirkjuþing hefur þegar sett reglur um kjör til biskups, við sjáum enga ástæðu til þess að það sé sérstaklega nefnt í lögnum frekar en að aðrar starfsreglur kirkjuþings séu nefndar.

2. mgr. Eins og fram kemur í athugasemdum við 8. gr. þessara laga, þá teljum við einfaldara að kirkjuþingi verði veitt vald í bráðabirgaákvæðum laganna til þess að setja reglur um þau ákvæði laganna sem verða felld á brott. Ef sú leið verður farin, þá getur kirkjuþing sjálft sett þær reglur sem það vill um yfirstjórn biskupsins, án þess að það sé skyldað til þess samkvæmt fyrirmælum frá Alþingi.

3. mgr. Við teljum það engan veginn vera í samræmi við það markmið laganna að setja svona nákvæmar reglur um hvað einstaka starfsmaður Þjóðkirkjunnar skuli gera. Þjóðkirkjan getur sjálf ákveðið hvað biskupinn hennar á að aðhafast.

Tillaga: 10. grein falli brott.

11. gr.

Árleg gagngreiðsla vegna viðbótarsamnings þjóðkirkjunnar og ríkisins og samnings um viðtöku kirkjunnar á prestssetrum frá ríkinu.

Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni, til viðbótar öðrum tekjustofnum hennar lögbundnum sem ólögbundnum, árlega gagngreiðslu á grundvelli viðbótarsamnings íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 6. september 2019 um endurskoðun á samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998.

Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir sem prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá ráðuneytinu 1. janúar 1994 með síðari skjalfestum afhendingum frá ráðuneytinu, svo og prestsbústaðir, hús og aðrar eignir sem prestssetrasjóður keypti, eru eign þjóðkirkjunnar með öllum réttindum, skyldum og kvöðum samkvæmt samningi um prestssetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.

Þessi grein er að efni til mjög lík 3. gr. og 62. gr. núgildandi laga og við teljum hana óþarfa.

Það er engin ástæða til að taka fram í þessu ákvæði að ríkið borgi þjóðkirkjunni lögbundnar greiðslur. Ef það er ákveðið í einhverjum lögum að borga henni einhverjar greiðslur, þá kemur það fram í þeim lögum og engin þörf á því að taka það fram hér að farið verði eftir þeim lögum.

Auk þess sjáum við ekki hvers vegna það er nauðsynlegt að taka fram í þessum lögum að ríkið og Þjóðkirkjan hafi gert með sér samninga og að ríkið greiði Þjóðkirkjunni samkvæmt þeim samningum. Þeir samningar gilda algerlega óháð þessum lögum.

Tillaga: 11. grein falli brott.

12. gr.

Starfsreglur, samþykktir og ályktanir og birting þeirra.

Kirkjuþing setur starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar.

Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjuþings á opnu vefsvæði kirkjunnar innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra

1. mgr. Eins og fram kemur í athugasemdum við 8. gr. þessa frumvarps þá teljum við einfaldara að Alþingi setji inn í bráðabirgðaákvæði að Kirkjuþing setji reglur í stað þeirra reglna sem ekki eiga heima í þessum lögum. Við teljum að það sama gildi um þessa reglu.

Auk þess hefur kirkjuþing þegar sett starfsreglur um þingsköp kirkjuþings (nr. 949/2009) þar sem fram kemur að kirkjuþing setur starfsreglur um málefni Þjóðkirkjunnar. Við teljum enga ástæðu fyrir því að þær starfsreglur dugi ekki.

2. mgr. Þetta eru nýmæli. Í greinargerðinni er tekið fram að hingað til hafi starfsreglur kirkjuþings birst í Stjórnartíðindum. Í áður nefndum starfsreglum um þingsköp kirkjuþings (nr. 949/2009) er grein sem fjallar sérstaklega um birtingu starfsreglna og aðrar ákvarðanir þingsins (6. gr). Við sjáum enga ástæðu fyrir þessum nýmælum í lögnum sem skerðir sjálfstæði Þjóðkirkjunnar, í staðinn fyrir að kirkjuþing ákveði sjálft hvernig staðið skuli að birtingu starfsreglna og ályktana þess.

Tillaga: 12. grein falli brott.

13. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Starfsfólk þjóðkirkjunnar sem var skipað í embætti í skilningilaga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, við gildistöku 2. mgr. 19. gr. laga, nr. 153/2019, heldur þeim réttindum og skyldum sem af skipuninni leiðir út skipunartíma sinn, en að öðru leyti fer um réttindi þess og skyldur samkvæmt starfsreglum settum af kirkjuþingi.

Starfsreglur, samþykktir og ályktanir, sem kirkjuþing hefur sett í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða samþykkt nýjar starfsreglur, þó eigi síðar en 31. desember 2021.

Tillaga: við bætist setning um að að kirkjuþing hafi heimild til að setja starfsreglur sem komi í stað allra þeirra lagaákvæða sem við teljum að falla eigi úr lögnum, ef núverandi orðalag þykir ekki fullnægjandi.